


Sóknaráætlun Norðurlands vestra

2025–2029



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



Efnisyfirlit



Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029

Samtök sveitarfélaga á
Norðurlandi vestra, október 2024
Útgáfa 1.0

Ábyrgðarmaður
Katrín M. Guðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri SSNV


Verkumsjón
Aton og SSNV

Grafísk hönnun
Aton

Ljósmyndir
Arnar Bergur Guðjónsson
Markaðsstofa Norðurlands
Róbert Daníel Jónsson
Sigurveig Anna Gunnarsdóttir

Inngangur	1-2	03 Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf	25
Norðurland vestra	3	→ Sýn	26
Staða landshlutans	4	→ Áherslur	27
SVÓT greining	5	→ Fjölbreytt framboð starfa	28
Tímalína	6	→ Fjárfesting í atvinnulífi og uppbyggingu	29
Um sóknaráætlun	7	→ Öflug nýsköpun	30
Framtíðarsýn	8	→ Ferðapjónusta í sókn	31
Lykilmálaflokkar sóknaráætlunar	9-10	→ Mælikvarðar	32
Tengsl málaflokka við heimsmarkmið	11	04 Sjálfbær landshluti	33
01 Samvinna, jákvæðni og bjartsýni	12	→ Sýn	34
→ Sýn	13	→ Áherslur	35
→ Áherslur	14	→ Losun dregst saman	36
→ Jákvæðni og bjartsýni	15	→ Innleiðing hringrásarhagkerfis	37
→ Samvinna og þátttaka	16	→ Mælikvarðar	38
→ Mælikvarðar	17	Tengsl við opinberar stefnur og áætlanir	39
02 Góður staður til að búa á	18		
→ Sýn	19		
→ Áherslur	20		
→ Fjölskylduvænt samfélag	21		
→ Jákvæð íbúapróun	22		
→ Menningarlíf í blóma	23		
→ Mælikvarðar	24		





Inngangur

Kæru íbúar

Við erum sannarlega á spennandi tímamótum í okkar landshluta. Með nýrri sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra fyrir árin 2025-2029, sjáum við fyrir okkur framtíð þar sem samfélagið okkar getur vaxið, dafnað og byggt á sínum styrkleikum.

Sóknaráætlunin okkar er ekki einungis verkfæri fyrir áhersluverkefni svæðisins heldur einnig leiðarljós sem byggir á meginmarkmiðum byggðaaætlunar, landskipulagsstefnu, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun.

Stefna er mikilvæg af ýmsum ástæðum, ekki síst þegar kemur að samfélagslegri framþróun og skipulagningu. Með góðri stefnumótun fæst:

Ákvarðanataka: Stefna auðveldar ákvarðanatöku með því að bjóða upp á ramma fyrir mat og forgangsöröðun. Þannig er auðveldara að meta hvaða verkefni eða aðgerðir eru í samræmi við langtíamarkmið.

Aðlögunarhæfni: Skýr stefna skapar ramma sem gerir okkur kleift að bregðast hratt og örugglega við breyttum aðstæðum.

Skilvirkni og nýting auðlinda: Með stefnu er hægt að tryggja að fjármunum og öðrum auðlindum sé varið á skilvirkan hátt þar sem þörfin er mest og þessi atriði muni hafa mest áhrif.

Ábyrgðarskylda og mælanleiki: Stefna gerir ráð fyrir að sett séu mælanleg markmið sem auðvelda eftirfylgni og hafa eftirlit með árangri. Þetta eykur ábyrgð þeirra sem framkvæma stefnuna.

Samkeppnishæfni: Góð stefna getur bætt samkeppnishæfni landshlutans með því að leggja áherslu á nýsköpun, framþróun og í leiðinni að styrkja og nýta styrkleika okkar svæðis.



Með góðri stefnumótun eins og sóknaráætlun getur samfélagið tryggt sér traustan grundvöll til að vaxa og takast á við áskoranir framtíðarinnar. Hún tryggir líka að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist þar sem þekkingin á staðbundnum aðstæðum er hvað best.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, samþykkti á vormánuðum 2024 að ráða Aton til að veita okkur ráðgjöf og aðstoð við gerð þessarar stefnumótandi áætlunar. Síðan þá hafa gögn um stöðu landshlutans verið rýnd og gerð úttekt á markmiðum og árangri fyrri sóknaráætlunar. Netkönnun var send til kjörinna fulltrúa og viðtöl tekin við ólíka aðila úr samfélaginu, svo sem úr atvinnulífi, stofnunum, mennta- og menningarmálum, haldnar voru þrjár opnar vinnustofur og ungmennaping til að tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa að stefnumótunarferlinu. Það er þessi sameiginlegi kraftur sem hefur mótað hina vönduðu og vel unnu sóknaráætlun sem við höfum í dag.

Framkvæmd sóknaráætlunarinnar er svo undir forystu starfsmanna SSNV, ásamt stuðningi stjórnarinnar, komin. Við munum ná okkar helstu markmiðum með úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði og framkvæmd áhersluverkefna sem samræmast bæði Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og nærliggjandi stefnumótunarpáttum og tækifærum af hálfu ríkis og sveitarfélaga.


Þetta er okkar tækifæri til að skapa framtíð fyrir landshlutann á okkar eigin forsendum og með okkar eigin gildi að leiðarljósi. Með samstilltum krafti munum við byggja sterkara og blómlegra samfélag sem við öll getum verið stolt af.

Við hlökkum til að starfa með ykkur á komandi árum við að gera þessa framtíðarsýn að veruleika. Takk fyrir framlag ykkar og þátttöku við gerð sameiginlegrar áætlunar fyrir landshlutann okkar.


Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV



7.294 íbúar



4 sveitarfélög



Norðurland vestra

Starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, er víðfeðmt og nær frá Stikuhálsi á milli Bitrufjarðar og Hrútafjarðar, um Húnavatnssýslurnar báðar, yfir í Skagafjörð að Tröllaskaga. Sóknaráætlun Norðurlands vestra nær yfir þetta landsvæði.



Staða landshlutans

Atvinnulíf

Á Norðurlandi vestra er falleg náttúra, víðátta og kyrrð, sem íbúar telja til styrkleika landshlutans. Í víðáttunni felast mikil tækifæri því hér eru meðal annars stór landsvæði hentug til ræktunar og mikill mannauður. Helstu atvinnugreinar á Norðurlandi vestra hafa enda verið landbúnaður og vinnsla landbúnaðarafurða. Sjávarútvegur er einnig nokkuð sterkur auk iðnaðar og fjölda opinberra starfa. Fjölgun ríkisstarfa er hæg á svæðinu og sums staðar hefur stöðugildum jafnvel fækkað. Á sama tíma eru til farsæl dæmi um flutning ríkisstarfa í landshlutann.

Lýðfræðileg þróun

Íbúapróun á svæðinu er hæg samanborið við aðra landshluta. Að óbreyttu er ekki útlit fyrir að sú þróun taki miklum breytingum nema eitthvað sérstakt verði að gert. Þann 1. janúar 2024 voru íbúar á Norðurlandi vestra 7294, þar af voru íbúar Skagafjarðar rúmlega fjögur þúsund.

Menntun

Hlutfall þeirra sem lokið hafa grunnnámi á háskólastigi er á landsvísu einna lægst á Norðurlandi vestra. Í landshlutanum er þó hægt að stunda nám á öllum skólastigum og með væntanlegri sameiningu Háskólans á Hólum við Háskóla Íslands árið 2025, styrkjast enn stoðir háskólanáms í landshlutanum. Þá má nefna sérstaklega þau fjölbreyttu tækifæri sem hér eru til iðnnáms við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Efnahagsleg staða

Almennt er hægur vöxtur á Norðurlandi vestra. Tekjur á mann miðað við útsvarsstofn, atvinnu-tekjur og fjármagnstekjur á mann eru umtalsvert undir landsmeðaltali. Þó hafa tekjur á alla þessa mælikvarða farið vaxandi undanfarin ár. Hagvöxtur er að jafnaði 2% undir landsmeðaltali og framleiðsla á mann innan við 80% af landsmeðaltali og hvergi minni.

Aukið samstarf

Árið 2024 voru sveitarfélögin á Norðurlandi vestra fjögur talsins en tveimur árum áður voru þau sjö. Þetta sýnir að sameining sveitarfélaga á svæðinu gengur vel og samstaða ríkir í þeim efnum. Sóknar-áætlunin nýtist sem sameiginlegt stefnuskjal fyrir sveitarfélögin á svæðinu og byggist á stöðumati landshlutans, framtíðarsýn og markmiðum í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Væntingar standa til að aukin nýsköpun leiði fólk og fyrirtæki saman til enn frekara samstarfs um tilraunir og verkefni.

SVÓT greining

Unnið á grunni niðurstaðna úr:

- Netkönnun meðal kjörinna fulltrúa
- Opnum vinnustofum með íbúum
- Vinnustofu með starfsfólki SSNV

Styrkleikar

- Eitt helsta landbúnaðar-
hérað landsins
- Öflugur sjávarútvegur
- Aukinn slagkraftur með
sameiningum sveitarfélaga
- Landfræðilega miðsvæðis
milli Akureyrar og
höfuðborgarsvæðisins
- Öruggt landsvæði
m.t.t. náttúruvár
- Sterkur sagnaarfur
- Skólasamfélag á öllum stigum
- Fjölskylduvænt samfélag

Ógnanir

- Fólksfækkun
- Húsnæðisskortur
- Neikvæðni
- Lítil samvinna þvert
á landshlutann
- Hnignun einstakra svæða
- Skammsýni

Veikleikar


- Fámennur landshluti
- Einsleitt atvinnulíf og
lágt launastig
- Framboð af fjölbreyttu
húsnæði takmarkað
- Þröngsýni og neikvæðni
- Skortur á gistirýmum
- Dreifikerfi raforku


Tækifæri

- Aukin samvinna
- Markaðssetning og
ímyndarsköpun svæðisins
- Víðerni og óspillt náttúra
- Aukin samhæfing
í ferðaþjónustu
- Aðstæður til útivistar,
t.d. skíði, rafting, fjöll
- Auka hlutfall starfa án
staðsetningar
- Auka fullvinnslu afurða
- Nýsköpun í matvælaíðnaði

Tímalína

2024/25





Um sóknaráætlun

Stefnumótunarferlið

Sóknaráætlun Norðurlands vestra er fimm ára áætlun sem ætlað er að vera leiðarljós í uppbyggingu landshlutans á tímabilinu. Ásamt landshlutasamtökunum á Norðurlandi vestra (SSNV) koma fjölmargir aðilar að því að hrinda henni í framkvæmd, s.s. sveitarfélögin og aðilar sem fá úthlutað styrkjum úr Uppbyggingarsjóði.

Uppbygging sóknaráætlunar

Mótuð hefur verið framtíðarsýn fyrir Norðurland vestra sem er lögð til grundvallar sóknaráætluninni. Valdir hafa verið fjórir lykilmálaflokkar og áherslur skilgreindar innan þeirra. Undir hverri áherslu hafa verið mótuð markmið auk þess sem sett eru fram dæmi um aðgerðir sem stuðla að því að þeim verði náð á gildistíma sóknaráætlunarinnar. Að lokum hafa verið skilgreindir mælikvarðar sem horft verður til þegar lagt er mat á árangur.

Framtíðarsýn

Málaflokkar

Áherslur


Markmið



Framtíðarsýn


Á Norðurlandi vestra er framsækið og samheldið samfélag sem byggir á traustum grunni. Jákvæðni og bjartsýni ríkir á svæðinu sem ein-kennist af fjölbreyttu atvinnulífi, nýsköpun og drifkrafti íbúa. Landshlutinn hefur skapað sér sérstöðu í hugum fólks, bæði heimamanna og gesta.

Málaflokkar




01 Samvinna,
jákvæðni
og bjartsýni

02 Góður
staður til
að búa á




03 Aukin
nýsköpun
og fjölbreytt
atvinnulíf

04 Sjálfbær
landshluti



Málaflokkar



01 Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Á Norðurlandi vestra ríkir jákvæðni og bjartsýni. Drifkraftur íbúa hefur mótað samfélagið og ný tækifæri hafa skapast með aukinni samvinnu og samtali. Íbúar eru sammála um fyrir hvað svæðið stendur og taka þátt í að miðla því út á við.

02 Góður staður til að búa á

Landshlutinn einkennist af sterkum og fjölskylduvænum samfélögum þar sem öll hafa tækifæri til að blómstra. Líflegt menningarlíf setur svip sinn á samfélagið og öflugt íþrótta- og tómstundastarf stuðlar að vellíðan og heilbrigði íbúa. Nýir íbúar hafa tækifæri til að setjast að og eru boðnir velkomnir.

03 Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Atvinnulífið á Norðurlandi vestra er fjölbreytt og er í sífelldri þróun. Ungt fólk finnur störf við hæfi og launakjör eru samkeppnishæf við aðra landshluta. Stuðningur er mikill við frumkvöðla til að þróa hugmyndir sínar og láta þær verða að veruleika. Lögð er áhersla á nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi.


04 Sjálfbær landshluti

Á Norðurlandi vestra er lagt kapp á að draga úr allri losun gróðurhúsa-lofttegunda auk þess sem áhersla er lögð á að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Stuðlað er að aðgerðum sem eru til þess fallnar að draga úr ósjálfbærum neysluháttum og soun því að með ábyrgri umgengni við umhverfið og náttúruauðlindir er gætt að komandi kynslóðum.

Tengsl málaflokka við heims- markmið

Við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra var tekið mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þau tengd við málaflokka áætlunarinnar. Sömuleiðis verður leitast við að tengja þau áhersluverkefni sem ráðist verður í á grundvelli sóknaráætlunarinnar við Heimsmarkmiðin.

01 Samvinna,
jákvæðni
og bjartsýni



02 Góður
staður til
að búa á



03 Aukin
nýsköpun
og fjölbreytt
atvinnulíf



04 Sjálfbær
landshluti



01


Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Sérfrætingar
seu betur nýttir
á öllu svætinu
t.d. talmeinafrætingar
og sálfrætingar

STYÐJA VIÐ
FRUMKVÆÐI


Aukin
samvinna
míni skóla





Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Á Norðurlandi vestra ríkir jákvæðni og bjartsýni. Drifkraftur íbúa hefur mótað samfélagið og ný tækifæri hafa skapast með aukinni samvinnu og samtali. Íbúar eru sammála um fyrir hvað svæðið stendur og taka þátt í að miðla því út á við.



01

Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Uppbygging
kemur með
jákvæðni

Þátttaka íbúa
mikið



Áherslur

A


Jákvæðni og
bjartsýni

B

Samvinna
og þátttaka

Tenging við heimsmarkmið:

Samvinna, jákvæðni og bjartsýni



A

Jákvæðni og bjartsýni

- Íbúar eru jákvæðir og bjartsýnir á framtíðina á Norðurlandi vestra. Þeir eru sammála um fyrir hvað svæðið stendur og hvaða tækifæri það býður upp á. Íbúum þykir vænt um heimkynni sín og leita sífellt leiða til að bæta umhverfi sitt og samfélag.

Markmið

1. Íbúar eru sammála um fyrir hvað svæðið stendur
2. Samstaða og samkennd íbúa hefur aukist
3. Íbúar og fyrirtæki vinna saman að jákvæðum verkefnum fyrir svæðið, stórum sem smáum

Dæmi um aðgerðir

- Átak í innri og ytri markaðssetningu svæðisins til að styðja við jákvæðan byggðabrag
- Samskiptastefna mótuð fyrir landshlutann með áherslu á að miðla jákvæðum upplýsingum
- Skipuleggja opna viðburði, hátíðir og samfélagsverkefni sem tengja fólk saman, þvert á kynslóðir og samfélagshópa
- Koma á viðurkenningum fyrir fólk og hópa sem stuðla að jákvæðri þróun í samfélaginu. T.d. sjálfboðaliða og frumkvöðla
- Gildi svæðis verða skilgreind


Samvinna, jákvæðni og bjartsýni



B

Samvinna og þátttaka

- Með því að efla samvinnu og samtal á milli ólíkra aðila innan landshlutans aukum við slagkraftinn, fleiri tækifæri skapast og íbúar njóta góðs af því.



Markmið

1. Sérfræðipekking nýtist vel innan landshlutans
2. Auka samstarf á milli skóla og í íþrótt-, menningar- og æskulýðsstarfi í landshlutanum
3. Auka samtal á milli atvinnurekenda, frumkvöðla og annarra hagaðila um atvinnuþróun á svæðinu

Dæmi um aðgerðir


- Tryggja að sérfræðingar geti starfað innan landshlutans í fullu starfi og þjónusta þeirra nýtist þvert á hann
- Samstarf um skóla- og kennsluþróun fyrir öll skólastig í landshlutanum
- Samstarf íþróttafélaga formfest
- Samráðsvettvangur aðila sem koma að atvinnuuppbyggingu á svæðinu settur á fót í því skyni að meðal annars koma auga á tækifæri og ræða áskoranir

Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Mælikvarðar		
Mælikvarði	Breyting	Heimild
Hamingja eykst í landshlutanum		Deiglan – íbúakönnun landshlutanna
Fjöldi umsókna í Uppbyggingarsjóð	Fjölgar um 5%	SSNV
Fjöldi jákvæðra fréttu á samfélagsmiðlum SSNV í hverjum mánuði	Fimm jákvæðar fréttir í mánuði	SSNV
Þátttaka í viðburðum á vegum SSNV	Kannað í fyrsta sinn	SSNV
Íbúar koma sér saman um þau gildi sem skapa sterkari liðsheild innan svæðis		SSNV

02

Góður staður til að búa á





Landshlutinn einkennist af sterkum og fjölskylduvænum samfélögum þar sem öll hafa tækifæri til að blómstra. Líflegt menningarlíf setur svip sinn á samfélagið og öflugt íþrótt- og tómstundastarf stuðlar að vellíðan og heilbrigði íbúa. Nýir íbúar hafa tækifæri til að setjast að og eru boðnir velkomnir.



Góður staður til að búa á

Tónstunda-
strætó á milli
byggðakjarna

AUKA FRAMBOÐ
AF ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Áherslur

**A**

Fjölskylduvænt
samfélag

B

Jákvæð
íbúapróun

C

Menningarlíf
í blóma

Tenging við heimsmarkmið:



Góður staður til að búa á

Störf við hafi fyrir ungt fólk

Fjölskylduan útivistarsæti

A

Fjölskylduvænt samfélag


- Á Norðurlandi vestra er fjölskylduvænt samfélag þar sem vellíðan og hamingja íbúa er í forgrunni. Fólk á öllum aldri hefur tækifæri til að sækja nám og frístundir í heilsueflandi umhverfi.

Markmið

1. Aukið umferðaröryggi í landshlutanum
2. Góð aðstaða er til staðar í landshlutanum fyrir fjarnámsnemendur á öllum skólastigum
3. Auka lífsgæði íbúa með áherslu á félagslega virkni, heilsu þeirra og vellíðan
4. Auka aðgengi að tómstunda- og frístundastarfi fyrir fólk á öllum aldri

Dæmi um aðgerðir

- Samstarf um innleiðingu samgöngu- og innviðaaætlunar Norðurlands vestra
- Áframhaldandi uppbygging fjarnámssetra í landshlutanum
- Hvatt til þátttöku í heilsueflandi verkefnum
- Tórstundastrætó komið á milli byggðakjarna
- Kortlagning hjóla- og göngustíga í landshlutanum



Góður staður til að búa á

Allar upplýsingar á einum stað

B

Jákvæð íbúðapróun

- > Íbúum hefur fjölgað á Norðurlandi vestra og áhugi fyrir því að setjast að í landshlutanum hefur aukist. Tekið er vel á móti nýjum íbúum og samfélagslegir innviðir hafa þróast í takt við þarfir samfélagsins og fjölgun íbúa.

Markmið

1. Nýir íbúar upplifa sig sem virka þátttakendur og velkomna í samfélaginu
2. Innflytjendur hafa tækifæri til að nýta menntun sína og reynslu á vinnumarkaði
3. Fjölbreytt íbúðarhúsnæði er í boði á svæðinu
4. Ungmennni hafa tækifæri til virkrar þátttöku í stefnumótun

Dæmi um aðgerðir

- Greina þarfir nýrra íbúa og tryggja aðgengi að hagnýtum upplýsingum
- Kortleggja framboð tungumálanáms og kanna hvort það svari þörfum íbúa
- Markaðsherferð sem miðar að því að laða að nýja íbúa sett í loftið
- Vinna úttekt á þörfum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landshlutanum í samstarfi við sveitarfélögin, atvinnulífið og íbúa
- Samstarf ungmennaráða og efling ungmennapings
- Unnið að því að laða að nýja íbúa í samstarfi við sveitarfélög og atvinnulíf

Góður staður til að búa á

C

Menningarlíf í blóma

- Menningarlífið er í blóma og nýtur stuðnings. Það byggir bæði á sérkennum svæðisins sem og nýjungum og samstarfi ólíkra aðila.

Fleiri bæjar-
hátíðir

Fleirs
lista- og
menningar-
viðbúnaðir

Markmið

1. Auka sýnileika menningarstarfs í landshlutanum
2. Auka fjölbreytni menningarviðburða
3. Efla samstarf í lista- og menningarlífi

Dæmi um aðgerðir

- Koma sameiginlega á framfæri menningarviðburðum til að upplýsa íbúa um hvað sé á döfinni
- Fjölbreytt námskeið tengd listum og menningu fyrir börn og ungmenni
- Stuðla að uppbyggingu samfélagsmiðstöðva í hverri byggð
- Lyfta upp söfnum í landshlutanum og auka samstarf þeirra á milli

Hlúa af
Körastarfi

02

Góður staður til að búa á

Mælikvarðar		
Mælikvarði	Breyting	Heimild
Fjölgun íbúa í landshlutanum	Haldi í við landsmeðaltal	Byggðastofnun og SSNV
Fjöldi erlendra samstarfsverkefna tengd menningu	Aukist um 10%	Rannís og SSNV
Fjöldi jákvæðra fréttu á samfélagsmiðlum SSNV í hverjum mánuði	Fjöldi jákvæðra umfjallana sem komast í landsumfjöllun	Credit Info
Aðgengi að ljósleiðara og hitaveitu í landshlutanum		Samgöngu- og innviðaáætlun

03

Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Vantar
atvinnuhúshæði

Ný fyrirtæki
með spennandi
störf


Aukin sýnileika
Norðurlands vestra





Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Atvinnulífið á Norðurlandi vestra er fjölbreytt og er í sífelldri þróun. Ungt fólk finnur störf við hæfi og launakjör eru samkeppnishæf við aðra landshluta. Stuðningur er mikill við frumkvöðla til að þróa hugmyndir sínar og láta þær verða að veruleika. Lögð er áhersla á nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi.



Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Fjarvinnusetur
og
Skrifstofuhótel

MATARKISTA
ÍSLANDS

Tenging við heimsmarkmið:



Áherslur

A

Fjölbreytt
framboð starfa

B

Fjárfesting í
atvinnulífi og
uppbyggingu

C

Öflug
nýsköpun

D

Ferðapjónusta
í sókn

Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

SKAPA LAUSNIR
SEM STYÐJA
ATVINNULÍFIÐ

A

Fjölbreytt framboð starfa

- Á Norðurlandi vestra eru störf sem henta fólki með ólíkan bakgrunn, t.d. fólki með háskóla-menntun og iðnmenntun, auk þess sem störfin tilheyra ólíkum geirum á borð við menningu, iðnað og kennslu svo eitthvað sé nefnt. Ungt fólk getur fundið spennandi störf og launastig er á pari við aðra landshluta.

Markmið

1. Fjölbreyttum störfum í landshlutanum hefur fjölgað
2. Fyrirtæki með sérfræðistörfum sett á laggirnar
3. Störfum án staðsetningar hefur fjölgað á svæðinu
4. Svæðið er eitt atvinnusóknarsvæði
5. Hækka menntunarstig í landshlutanum

Dæmi um aðgerðir

- Vinna að því að koma upp fjarvinnusetrum í byggðakjörnum
- Hvetja opinberar stofnanir og fyrirtæki til þess að auglýsa störf án staðsetningar
- Hvetja fyrirtæki til að heimsækja skóla og bjóða nemendum í heimsókn með það að markmiði að opna augu nemenda fyrir tækifærum (í anda verkefnisins *Stækkaðu framtíðina*)
- Átak í að kynna námsframboð og styrki til náms
- Gerð úttekt á þörfum atvinnulífs fyrir menntað starfsfólk

Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Kynna tækifærin á svæðinu

Bæta innviði fyrir atvinnulífið

B

Fjárfesting í atvinnulífi og uppbyggingu

- Á Norðurlandi vestra hefur fjárfesting í atvinnulífi og uppbyggingu aukist. Innviðir og opinberir ferlar styðja við framþróun atvinnulífsins. Hefðbundnar stoðir atvinnulífs styrkjast og nýjar bætast við. Vakin er athygli fjölbreyttra aðila á tækifærum til uppbyggingar á svæðinu.

Markmið

1. Aukin fjárfesting í atvinnulífi og nýsköpun á svæðinu
2. Innviðir eru í takt við þarfir atvinnulífsins
3. Aukið samstarf fyrirtækja og stofnana á svæðinu
4. Tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eru aðgengileg

Dæmi um aðgerðir

- Kynna svæðið og tækifæri þess fyrir fjárfestum
- Samráðsvettvangur atvinnulífsins og stjórnsýslu virkjaður, m.a. til þess að ræða þróun innviða, meta framtíðarþörf, greina tækifæri og auka slagkraft
- Veita ábyrgðaraðilum aðhald þegar kemur að raforkuöryggi og fjarskiptum
- Kortleggja atvinnulóðir í landshlutanum og gera þær upplýsingar aðgengilegar



Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

C

Öflug nýsköpun

Nýsköpunarkeppni
grunnskólanna

- > Öflug nýsköpun styður við sjálfbærni og lífsgæði á Norðurlandi vestra. Frumkvæði fólks er fagnað og tekið er vel í nýjar hugmyndir. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi.

Markmið

1. Verkefni sem snúa að nýjum lausnum í matvælaframleiðslu eru sett á fót
2. Frumkvöðlar þekkja framboð styrkja
3. Frumkvöðlar fá markvissan stuðning við verkefni sín
4. Aukið samstarf atvinnulífs og menntastofnana á svæðinu

Dæmi um aðgerðir

- Tækifæri til aukinnar verðmætis-
köpunar í landbúnaði og sjávar-
útvegi kortlögð
- Reglulegir fræðsluviðburðir, t.d.
um vöruþróun og markaðssetningu
- Nýsköpunarhraðlar haldnir með
áherslu á ferðaþjónustu,
landbúnað og sjávarútveg
- Stutt við fyrirtæki sem stuðla að
nýjungum í matvælaframleiðslu
á svæðinu
- Nýsköpunarsetur með áherslu á
matvælaframleiðslu sett á laggirnar
- Regluleg upplýsingagjöf um
styrkjaumhverfi fyrir frumkvöðla
- Stefnumiðuð ráðgjöf fyrir frum-
kvöðla með áherslu á hvatningu
og aðstoð við þróun hugmynda
- Samstarfsverkefni mennta-
stofnana og atvinnulífsins
um þróun þekkingargarða

Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Stórt hótél
með
ráðstefnuaðstöðu

hesta og hjóla-
ferðir með
Söguleitsögn

D

Ferðapjónusta í sókn

- > Norðurland vestra hefur skapað sér sérstöðu sem miðstöð ævintýraferðamennsku á Íslandi, auk sérstakrar áherslu á íslenska hestinn og miðlun sagnaarfsins. Samvinna er á milli ferðapjónustuaðila varðandi markaðssetningu svæðisins, þróun áfangastaða og upplifana.

Markmið

1. Aðstæður til ráðstefnuhalds á svæðinu eru til jafns við það besta sem býðst hér á landi
2. Sérstaða landshlutans er skýr í huga ferðamanna
3. Festa ferðapjónustu í sessi sem heilsársatvinnugrein
4. Ferðamenn dvelji lengur í landshlutanum
5. Aukið samstarf aðila í ferðapjónustu skilar ávinningi fyrir landshlutann

Dæmi um aðgerðir

- Gerð verði greining á rekstrargrundvelli fyrir hótél með ráðstefnuaðstöðu
- Styðja við vörupróun með áherslu á ævintýraferðamennsku, íslenska hestinn og sagnaslóðir
- Átak í markaðssetningu og ímyndarsköpun svæðisins
- Skapa umgjörð fyrir ævintýri, t.d. utanvegahlaup, gönguskíði, hjólreiðar og hestaferðir
- Spyrða betur saman upplifanir og þjónustu sem byggja á ævintýraferðamennsku, íslenska hestinum og sagnaarfi svæðisins og gera bókunarvænni fyrir söluaðila og ferðamenn
- Átak í merkingum í formi skilta og/ eða stafrænna lausna sem styðja við ævintýraferðamennsku og sagnaslóðir
- Ferðapjónustuaðilar fá stuðning við gerð sameiginlegra heildarlausna fyrir ferðamenn á svæðinu

03

Aukin
nýsköpun
og fjölbreytt
atvinnulíf

Mælikvarðar		
Mælikvarði	Breyting	Heimild
Fjöldi gistinguátta	Aukist um 20%	Hagstofa Íslands og SAF
Fjöldi ríkistarfa	Aukist um 10%	Byggðastofnun og Hagstofa Íslands
Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf	Aukist um 10%	Hagstofa Íslands
Fjöldi sprotafyrirtækja	Aukist um 30	SSNV og Eimur
Atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur	Nái landsmeðaltali	Byggðastofnun og Hagstofan
Fjöldi sem sækir atvinnuráðgjöf SSNV	Aukist um 10%	SSNV
Fjöldi skrifborða sem leigð eru út í landshlutanum		Byggðastofnun

04


Sjálfbær landshluti





Sjálfbær landshluti

Á Norðurlandi vestra er lagt kapp á að draga úr allri losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem áhersla er lögð á að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Stuðlað er að aðgerðum sem eru til þess fallnar að draga úr ósjálfbærum neysluháttum og sóun því að með ábyrgri umgengni við umhverfið og náttúruauðlindir er gætt að komandi kynslóðum.



Áherslur



Virkja glattarmann

A

Losun dregst
saman

B

Innleiðing
hringrásar-
hagkerfis

Tenging við heimsmarkmið:

Sjálfbær landshluti

A

Losun dregst saman

- Á Norðurlandi vestra er lagt kapp á að draga úr allri losun gróðurhúsalofttegunda frá atvinnulífi og annarri starfsemi. Jafnframt er unnið að bindingu kolefnis með þekktum aðferðum sem og nýjum.

Markmið

1. Minnka kolefnisfótspor landshlutans
2. Sveitarfélög í landshlutanum fylgja stefnu um loftslagsmál
3. Vistvænar samgöngur eru fyrsti kostur íbúa



Dæmi um aðgerðir

- Vakta kolefnisfótspor landshlutans á grunni losunar- bókhalds sveitarfélaga
- Styrkir til nýsköpunar taka mið af markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum
- Styðja við virka ferðamáta með hjólastígum, deilihjólum, göngu- stígum og almenningssamgöngum
- Fjölga hraðhleðslustöðvum fyrir bíla
- Bindingarverkefni sett á fót innan landshlutans fyrir þá losun sem ekki er hægt að draga úr
- Vinna að útrýmingu óþarfa ljósmengunar og spara með því jafnframt raforku

Anka glect

FLÉIRI
HJÓLA-
STÍGAR

Sjálfbær landshluti



B

Innleiðing hringrásarhagkerfis

- Áhersla er lögð á að innleiða hringrásarhagkerfi í stefnumótun og framleiðslu og stuðlað að aðgerðum sem draga úr þörf fyrir nýtt hráefni. Dregið hefur úr ósjálfbærum neysluháttum og sóun meðal fyrirtækja, stofnana og almennings.

Markmið

1. Nýting hráefna og hliðarafurða í allri atvinnustarfsemi eykst
2. Ný atvinnustarfsemi sem byggir á nýtingu hliðarafurða frá fyrirtækjum á svæðinu
3. Sveitarfélög, fyrirtæki og íbúar eru meðvituð um ábyrga neyslu og umgengni við auðlindir

4. Samfélagsleg verkefni sem snúa að innleiðingu hringrásarhagkerfisins komast til framkvæmda

Dæmi um aðgerðir

- Verkefni um fullvinnslu afurða styrkt
- Lífrænn úrgangur nýttur til verðmætasköpunar


- Nýting glatvarma frá fyrirtækjum sem losa orku í formi hita
- Tækifæri til nýtingar á hvers konar úrgangi sem nýsköpunarfyrirtæki gætu nýtt til verðmætasköpunar kortlögð
- Samfélagsverkefni á borð við frískáp, samfélagsgróðurhús eða fataloppur komast til framkvæmda

04

Sjálfbær
landshluti

Mælikvarðar		
Mælikvarði	Breyting	Heimild
Sameiginlegt kolefnisfótspor landshlutans skv. losunarbókhalði sveitarfélaga	Dragist saman í takt við opinber markmið	Umhverfisstofnun
Bæta loftgæði	Aukist í takt við opinber markmið	Deiglan – íbúakönnun landshlutanna
Fjöldi hraðhleðslustöðva í landshlutanum	Aukist um 100%	SSNV
Magn úrgangs sem er urðaður	Dragist saman í takt við opinber markmið	Norðurá bs.

Tengsl við opinberar stefnur og áætlanir



Mikilvægt er að sóknaráætlun landshlutans rími við stefnur og áætlanir sem unnið er eftir á landsvísu til að tryggja að unnið sé að sömu heildarsýn og markmiðum. Við mótun sóknaráætlunar var því tekið mið af ýmissi opinberri stefnumótun, í ólíkum málaflokkum, sem tengjast viðfangsefnum hennar. Hér er gerð grein fyrir tengingu sóknaráætlunarinnar við opinberar stefnur og áætlanir en umfjöllunin er ekki tæmandi.

Byggðaáætlun

Sóknaráætlun Norðurlands vestra grundvallast á markmiðum byggðaáætlunar um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að byggðir um land allt verði sjálfbærar. Málaflokkar sóknaráætlunar byggja einnig á lykilviðfangsefnum byggðaáætlunar um lýðfræðilega þróun og grunnþjónustu, fjölbreytt atvinnulíf, innviði, umhverfis- og loftslagsmál sem og samkeppnisstöðu og sjálfbærni byggða.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þau tengd við málaflokka sóknaráætlunarinnar. Sömuleiðis verður leitast eftir því að tengja þau áhersluverkefni sem verða til á grundvelli sóknaráætlunar við heimsmarkmiðin.

Menningarstefna

Tekið var mið af menningarstefnu stjórnvalda. Leiðarljósi stjórnvalda í málefnum lista og menningarstarfs, sér í lagi undir lið *M* þar sem fjallað er um áherslu stjórnvalda á árangursríkt samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök á sviði menningarmála.

Stefna Íslands um sjálfbæra þróun til 2030

Horft var til Stofnu Íslands um sjálfbæra þróun til 2030 við útfærslu framtíðarsýnar og mótun markmiða undir málaflokknum Sjálfbær landshluti.

Samgönguáætlun 2024-2038

Markmið sóknaráætlunar um umferðaröryggi (málaflokkur 2) og um vistvænar samgöngur með orkuskiptum og virkum ferðamátum (málaflokkur 4) ríma vel við áherslur samgönguáætlunar.

Nýsköpunarstefna til 2030

Í sóknaráætlun eru ýmis áhersluatriði sem samræmast vel nýsköpunarstefnu stjórnvalda. Má þar sérstaklega nefna áherslur nýsköpunarstefnunnar á hugarfar, umgjörð og mannauð en um þessi atriði er fjallað í mörgum köflum sóknaráætlunar, en sérstaklega í málaflokkum 1 (samvinna, jákvæðni og bjartsýni) og 3 (aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf).

